

framreiðslumanna sé verð veitinga án söluskatts, en söluskatt ber að reikna af verði veitinga að viðbættu þjónustugjaldi.

Málkostnaður fellur niður.

Föstudaginn 21. desember 1973.

Nr. 8/1973. **Alþýðusamband Íslands vegna
Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík**
(Gunnar Sæmundsson hdl.)
gegn

**Vinnuveitendasambandi Íslands vegna
Félags íslenzkra iðnrekenda**
(Páll S. Pálsson hrl.).

Dómarar:

Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Bjarni K. Bjarnason,
Einar B. Guðmundsson og Ragnar Ólafsson.

Deilt um ákvæði kjarasamnings um kaupgreiðslu á frídögum.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 4. þ. m., af Alþýðusambandi Íslands vegna Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík, gegn Vinnuveitendasambandi Íslands vegna Félags íslenzkra iðnrekenda.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að dæmt verði, að réttur sé sá skilningur hans á 4. gr. kjarasamnings málsaðilja frá 4. des. 1972, að til viku- eða mánaðarkaupts samkvæmt nefndri 4. gr. teljist laun fyrir fasta yfirvinnu.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og hæfilegs málskostnaðar úr hans hendi.

Málavextir eru þessir:

I 4. gr. framangreinds kjarasamnings segir svo:

„Almennir helgidagar þjóðkirkjunnar, 1. sumardagur, 1. maí og 17. júní, eru frídagar. Aðfangadag jóla og gamlársdag skal dagvinnu ljúka kl. 12 á hádegis. Þessar undantekningar hafa engin áhrif á viku- eða mánaðarkaupið. Fyrsta mánudag í ágúst skal ekki vera unnið í verksmiðjum, enda falli niður kaupgreiðsla fyrir þann dag. Þó er starfsfólki heimilt að vinna þann dag af sér með því að vinna annaðhvort fyrir eða eftir þann dag þeim mun lengur, sem samsvarar þessum degi“.

Af hálfu stefnanda eru orðin „viku- eða mánaðarkaupið“ skilin svo, að þar sé átt við raunveruleg föst laun, þ. e. að þeir starfsmenn, sem jafnan vinna tiltekinn lágmarksfjölda yfirvinnustunda, — t. d. tvær eftirvinnustundir hvern vinnudag, — skuli fá greidd laun fyrir þann fjölda yfirvinnustunda þá frídaga, sem 4. gr. nefnir, þegar þeir falla á þá daga, sem ella hefði verið unnið, þannig að starfsmaður sá, sem í hlut á, missi einskis í launum vegna slíkra frídaga. Telur stefnandi, að viku- og mánaðarkaup hvers launþega verði að miðast við starfskjör hans sjálfs. Sé föst yfirvinna þáttur í starfskjörum hans, hljóti greiðsla fyrir hana að vera hluti af því viku- eða mánaðarkaupi hans, sem honum ber á hverjum tíma, nema það sé sérstaklega undanskilið. Vísar stefnandi og í þessu efni til ákvæða núgildandi orlofslaga, sem feli það í sér, að orlof skuli greiddast af heildarlaunum starfsmanns.

Stefnandi segir, að ákvæði það, sem deilt er um skilning á, hafi verið í kjarasamningum aðilja árum saman, en núverandi formanni Iðju hafi fyrst orðið um það kunnugt á sl. sumri, að eigi væri af hálfu sumra iðnrekenda goldin starfs-laun samkvæmt þeim skilningi stefnanda, sem hér er haldið fram, þótt ýmsir iðnrekendur greiddu samkvæmt skilningi Iðju. Formaður félagsins hafi við undirritun kjarasamningsins 1972 lagt þenna skilning í nefnt ákvæði 4. gr., en það hafi þó ekki komið til umræðu milli samningsaðilja við þá samningsgerð, hvernig skilja bæri umrætt ákvæði.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ákvæði 4. gr. kjarasamnings aðilja séu sett til að tryggja það, að starfsmaður sé hvorki kauplaus á lögboðnum helgidögum þjóðkirkjunnar né heldur á öðrum hátíðisdögum. Telur hann, að það væri að færa umdeilt ákvæði út í hreinar öfgar, ef skilja ætti það

svo, að eftirvinna, e. t. v. unnin hjá sumum fyrirtækjum á sumum tímum árs venjulega virka daga, ætti að greiðast ofan á hið reglulega dagvinnukaup hjá öllum fyrirtækjum á frídögum. Eftirvinna sé ekki sjálfsagður hlutur, heldur fari hún eftir lögmálum framboðs og eftirspurnar, atvinnuástandi o. fl. Telur hann, að þegar hið umdeilda ákvæði var tekið upp í kjarasamninga hafi aðeins dagvinnukaup verið haft í huga. Bendir hann í þessu sambandi á það, að samkonar ákvæði í kjarasamningum Dagsbrúnar hafi ávallt verið framkvæmt með þeim skilningi, sem Félag íslenskra iðnrekenda haldi fram, að eigi skuli greitt fyrir fasta yfirvinnu á þeim frídögum, er nefnd 4. gr. eigi við um, enda hafi þeirri reglu alla tíð verið fylgt af meginþorra félagsaðilja í Félagi íslenskra iðnrekenda. Skipti það ekki máli í þessu sambandi, þótt einhver fyrirtæki greiði, með frjálsu samkomulagi við starfsmenn sína, eftirvinnukaup á frídagakaupið. Eins og samningum og atvikum sé háttað, geti slíkt eigi bundið Félag íslenskra iðnrekenda almennt til að inna slíkar greiðslur af hendi, heldur þurfi að semja sérstaklega við kjarasamningsgerð um slíka skuldbindingu og sé fráleitt, að hún verði eftir margra ára gagnstæða framkvæmd lögð á iðnrekendur almennt án skýlausra samningsákvæða. Þá mótmælir stefndi því, að heimilt sé að beita lögjöfnun frá ákvæðum orlofslaga við skýringu á samningsákvæði því, sem hér sé um að tefla.

Kjarasamningur sá, sem hér er krafist skýringar á, dags. 4. des. 1972, gildi til 1. nóvember sl., og var honum sagt upp miðað við þann dag. Aðiljar eru sammála um það, að farið sé eftir honum í lögskiptum aðilja um kaup og kjör, þar til samningar takast að nýju.

Sáttatilraun samkvæmt 28. gr. kjarasamningeins hefur farið fram án árangurs.

Aðiljar málsins eru sammála um að ákvæði það, sem deilt er um skilning á í máli þessu, hafi verið í kjarasamningi þeirra allt fá árinu 1937. Þeir vita eigi til, að rætt hafi verið um skilning á því við samningsgerð undanfarinna ára, hvorki við samningsgerðina 1972 né þar áður. Ágreiningur um skilning á margnefndu ákvæði hefur heldur ekki komið upp fyrr en nú. Forráðamenn Iðju telja, að þeim hafi eigi fyrr en á

sl. sumri verið kunnugt um það, að skilningi iðnrekenda og framkvæmd á oftnefndu ákvæði væri annan veg farið en stefnandi taldi rétt vera. Hafa þó eigi af hans hálfu verið tilgreind nema þrjú iðnfyrirtæki, sem goldið hafi kaup á frídögum, sem falla á venjulega vinnudaga, með tilliti til fastrar eftirvinnu. Af hálfu eins þessara fyrirtækja er því lýst yfir, að þessi greiðsluháttur hafi verið upp tekinn á sl. vori vegna þess að skrifstofa stefnanda hafi sagt, að þannig skyldi greitt. Hins vegar hafa 9 iðnfyrirtæki lýst yfir því, að þau hafi öll fasta yfirvinnu, en greiði aðeins dagvinnukaup, þegar fridagar falli á venjulega vinnudaga. Þessum yfirlýsingum félagsaðilja stefnda hefur ekki verið mótmælt. Aðrar upplýsingar um framkvæmd kaupgreiðsluákvæðis 4. gr. kjarasamnings málsaðilja hafa eigi komið fram.

Þegar litið er til framangreindra atriða og staðreynda og það jafnframt haft í huga, að einstökum iðnfyrirtækjum, sem eru aðilar að kjarasamningi þeim, er hér ræðir um, er heimilt að veita starfsmönnum sínum betri kjör en kjarasamningur áskilur, verður eigi talið, að ákvæði 4. gr. hans verði skýrð á þá lund, að í þeim felist almenn skylda af hálfu stefnda til að greiða fast eftirvinnukaup ásamt dagvinnukaupi, þegar fridagar samkvæmt nefndri 4. gr. falla á venjulega vinnudaga.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af máli þessu.

Dómsorð:

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands vegna Félags íslenzkra iðnrekenda, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Iðju, Félags verksmiðjufólks í Reykjavík, í máli þessu.

Hvor aðili beri sinn kostnað af máli þessu.